

231. fundur stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 11. 03 2014 kl. 13:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, EK, SvB, BKr, (JS), VLF

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþ

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn

3. Fundargerð kjararáðs

Stjórnin sat fundinn.

4. Samningar SNS, SNR og LSS

Farið yfir tölvupóstsamskipti milli LSS og starfsmanns Starfsmatsskrifstofu, vegna beiðni LSS um upplýsingar um vinnu við endurmat. Það virðist sem lítið hafi gerst í því máli síðan í júní 2013.

Farið yfir tillögu SNS að „Viðræðuáætlun“, ákveðið að undirbúa kröfugerð og fá ábendingar frá fulltrúum.

Ákveðið að setja vinnu við endurmatið í forgang, og upplýsa SNS um það á fyrsta fundi.

5. 15. Þing LSS

Þingið verður 25. og 26. apríl í Lágmúla 2. Ákveðið að fá í Undirbúningsnefnd þá Borgar og Guðbrand, og biðja þá að finna þriðja aðila. Lesið upp bréf frá uppstillinganefnd. Fagdeildirnar þrjár kjósa sér formenn á sínum aðalfundum á þinginu. Þeir eiga sæti í stjórn LSS. Auk þess eiga fagdeildirnar þrjár varamenn. Kjósa á formann og v-formann LSS, auk tveggja stjórnarmanna og tveggja varamanna. Jafnframt á að kjósa tvo skoðunarmenn reikninga.

Lögð fram óendurskoðuð drög að ársreikningi 2013.

Í framhaldinu urðu umræður um félagsgjöld LSS og möguleika á lækkun. Ákveðið að afla upplýsinga um félagsgjöld hjá öðrum og að skoða hvaða áhrif möguleg lækkun gæti haft á rekstur félagsins. Jafnframt hvaða áhrif 1% af heildarlaunum gæti haft.

Leitað verður til Höskuldar og Óla Ragnars með að vera fundarstjórar og Borgar að vera fundarritari. Þingið verður pappírslaut eins og síðast.

Ályktanir eiga að liggja frammi (á heimasíðu), sex vikum fyrir þing.

Þinggleðin verður með hefðbundnu sniði.

6. Sjúkraflutningar

Samningur milli SHS og Velferðarráðuneytisins er í vinnslu. Líklegt er talið að sjúkraflutnigarnir verði áfram hjá SHS.

7. Ráðstefna slökkviliða.

Farið yfir dagskrá 13. og 14. mars. Formaðurinn sækir ráðstefnuna.

8. Slökkviliðsmaðurinn næsta blað

Ritnefnd er virkari en oft áður og leggur til að aðalefni blaðsins verði umfjöllun um slökkviliðs Vestmanneyja. Útliti blaðsins verður breytt til samræmis við erlend blöð.

9. Dómsmál í gangi

Tvö dómsmál eru í gangi. Annað gegn SF vegna þrekálagsgreiðslna og hitt hjá SA vegna starfslokasamninga og eineltismála.

10. Önnur mál:

- a) Úrskurður persónuverndar. SHS vegna öflun á upplýsingum. Farið yfir niðurstöðuna.

11. Mál til kynninga

- a) http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Malefnalegar_skyribreytur.pdf
- b) Skýrsla um nauðsynlegar breytingar á almannatryggingum í því skyni að auka vægi endurhæfingar og taka upp starfsgetumat.
- c) <http://www.mannvirkjastofnun.is/mannvirkjastofnun/frettalisti/-/2014/02/26/Radstefna-slokkvilidsstjora-2014/>
- d) Vinnuskjal BSRB vegna kjarasamninga janúar 2014
- e) Viðræðuáætlun BSRB og SNS 2014
- f) Tillaga að efnispáttum viðræðuáætlunar 2014-2015
- g) Aðildarfélög BSRB hafa falið bandalaginu eftirfarandi mál í tengslum við gerð kjarasamninga febrúar 2014